

16. Stjórnarfundur, 5. febrúar 2014, kl. 8:15

Mætt: Þorvarður Árnason, Tinna Björk Arnardóttir, Vala Garðarsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir.

Forföll boðuðu: Ragnhildur Jónsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir

Fundarstjóri: Þorvarður Árnason  
Fundarritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

### Dagskrá

1. Gagnageymsla þekkingarsetursins: Tinna kynnir google geymslukerfið- hugsað fyrir tölvupóst, dagatal með styrkjaumsóknardögum auk skjala. Frestað frá síðasta fundi.

Tinna stofnaði gmail fyrir Nýheima til þess að við hefðum aðgang að sama dagatalinu þar sem við getum sett inn á dagatal og látið inn gögn sem tengjast málefnum Nýheima. Tilgangur dagatalsins er meðal annars að setja inn þá styrki sem eru í boði og gætu nýst stofnunum í Nýheimum. Hér getum við líka sett inn upplýsingar fyrir starfsmann sem kemur inn í Þekkingarsetrið Nýheima. Þarna er pláss fyrir fundargerðir, upplýsingar um stofnanir og starfsmenn ofl. Tinna verður með sýnikennslu á Google Drive og Gmail á fundi 19. febrúar.

2. Ráðning starfsmanns. Ragnhildur (varðandi sveitarfélagið), Tinna (varðandi launagreiðslur).

Umræðunni frestað þar til í næstu viku 12. febrúar. Þá verður aukafundur um þetta málefni. Fyrir þann fund ætlar Þorri að kanna hjá BHM á hvaða bili svipaðir starfsmenn eru með.

3. Rannís: Leiðbeiningar um styrki EU 20/20 frá starfsmanni Rannís. - Frestað frá síðasta fundi.

Tinna talaði við Elísabet frá Rannís og hún var tilbúin til að kynna Horizon 20/20 í fjari.

4. Heimasíðumál - Vala

Vala ræddi við Sveinbjörn varðandi heimasíðuna og hún er í sama eplica kerfi og aðrar heimasíður sveitarfélagsins. Við getum notað hana áfram eins og hún er til að byrja en þurfum að uppfæra hana og lagfæra villur. Þá er hægt að opna hana áður en auglýsum eftir starfsmanni, áhugasamir geta þá leitað nánari upplýsinga um starfsemina þar. Þurfum að byrja á því að skilgreina hvaða tilgang vefsíðan á að hafa.



Einnig hvaða fjármagni við ætlum að verja í hana. Vala ætlar að fá upplýsingar frá Sveinbirni um hvernig er hægt að gera lágmarksbreytingar á síðunni.

Allir hluthafandi senda Völu upplýsingar á upplýsingablaði sem Árdís hefur sent á allar stofnanir í Þekkingarsetrinu Nýheimum. Þetta gerist fyrir fund 19. febrúar nk.

5. Önnur mál

Húsaleigumál í Nýheimum. Frestað til fundar 19. febrúar.

Fundi slitið kl. 9.15